



– fyrir íslenska verslun

Alþingi
Erindi nr. P 135/154
komudagur 22.2.2008

Alþingi
nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20.02.2008
Tilv. 18.103
DÁ

Vísað er til bréfs dagsett 29. janúar 2008 þar sem óskað er eftir umsögn FÍStöðin um frumvarp til áfengislaga, 63. mál, auglýsingar.

Vakin er athygli á því að FÍStöðin hefur áður gefið umsögn um sambærilegt frumvarp, samanber bréf dagsett 13. apríl 2005.

Með frumvarpinu er lagt til að 3.mgr. 20.gr. áfengislaga verði breytt í þeim tilgangi að loka því gati sem virðist vera á löggjöfni eins og segir í greinagerð með frumvarpinu.

Framleiðendum og innflytjendum áfengis er mjög þröngt sniðinn stakkur miðað við núgildandi áfengislög og er Ísland eitt örfárra Evrópulanda þar sem almennt bann ríkir við áfengisauglýsingum. Hinsvegar er það staðreynd að umfang áfengisauglýsinga frá erlendum miðlum er umtalsvert hérlendis þrátt fyrir ríkjandi bann. Sem dæmi er mikið af áfengisauglýsingum að finna í söluhæstu erlendu tímaritunum sem koma út mánaðarlega hérlendis og liggja frammi á stöðum eins og biðstofum lækna og annarra opinberra stofnanna. Netnotkun á Íslandi er ein sú mesta sem þekktist í heiminum þar sem litlar sem engar hömlur eru á birtingu áfengisauglýsinga. Ungir sem aldnir áhugamenn um knattspyrnu verða jafnframt sífellt vitni að erlendum áfengisauglýsinum í gegnum knattspyrnleiki sem sýndir eru á innlendum sem og erlendum sjónvarpsrásum á öllum tímum.

Í greinagerð með frumvarpinu kemur fram að bann við áfengisauglýsingum sé forvörn og að auglýsingar í erlendum prentmiðlum sem berast til Íslands sé einungis beint að fullorðnu fólki. Er þá nokkuð sem mælir því í mót að íslenskir framleiðendur og innflytjendur auglýsi svo fremi auglýsingunum sé ekki beint að börnum og unglíngum? Jafnframt kemur það fram í greinargerðinni að áhorf á erlendar sjónvarpsstöðvar sé miklu minna en áhorf á innlendar sjónvarpsstöðvar og því sé hægt að réttlæta bann við áfengisauglýsingum í íslenskum ljósvakamiðlum. Áhorf barna og unglínginga er lítið á ríkismiðlana á ákveðnum tímum. Má því ekki rökstyðja að leyfa megi áfengisauglýsingar þegar áhorf barna og unglínginga er undir ákveðnum mörkum?

Sem fyrr segir búa innflytjendur og framleiðendur áfengis á Íslandi við afar erfið skilyrði til að markaðsetja og kynna vörur sínar. Verði frumvarpið að lögum er ljóst að samkeppnisskilyrði þessara fyrirtækja munu enn skekkjast – vilji þeir auglýsa verður það að vera í gegnum erlenda miðla!

Í ljósi framangreinds leggst FÍS eindregið gegn frumvarpinu en hvetur til þess að áfengislöggjöfin verði tekin til rækilegrar endurskoðunar. FÍS hefur unnið að tillögum að frumvarpi til áfengislaga ásamt siðareglum sem kynntar verða von bráðar.

Virðingarfyllt
f.h. FÍS

Dögg Arnadóttir
Dögg Arnadóttir,
verkefnastjóri.